

Dómarasjóður

1. gr.

Nafn sjóðsins er Dómarasjóður BLÍ.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjón gjaldkera BLÍ, en sérgreindur í ársreikningum og á sérreikningi.

3. gr.

Sjóðurinn aflar tekna sinna með gjaldtöku af leikjum á vegum BLÍ, og skal sú upphæð ákveðin á ársþingi BLÍ hverju sinni.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1) að styrkja dómara til frekara náms.

2) Að aðstoða dómara til utanfara á vegum BLÍ

3) að stuðla að fjölgun dómara.

4) að láta annað það gott of sér leiða er kemur sér vel fyrir dómgæslu og dómara-stéttina.

5. gr.

Ef óskað er eftir úthlutun úr sjóðnum skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til Dómaranefndar BLÍ. Sjóðurinn er öllum opinn.

6. gr.

Úthlutun úr sjóðnum er alfarið í höndum dómaranefndar BLÍ og þarf fulla samstöðu innan nefndarinnar fyrir úthlutunum.

7. gr.

Stjórn BLÍ sker úr öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna út of reglum þessum.